

FUNDARGERÐ



Sveitarstjórn Pingeyjarsveitar

105. fundur

í Kjarna fimmtudaginn 21. júní 2012 kl. 13:00

Dagskrá:

1. Fundarsetning:
2. Kjör oddvita, varaoddvita og ritara:
3. Kjörskrá vegna forsetakosninganna 30.06.2012:
4. Fundargerð Skipulags- og umhverfisnefndar frá 14.06.2012:
5. Fundargerð Brunavarnarnefndar frá 24.04.2012:
6. Umsagnarbeiðni frá Orkustofnun:
7. Beiðni um leyfi frá nefndarsetu:

Mætt: Arnór Benónýsson, Ásvaldur Ævar Þormóðsson, Margrét Bjarnadóttir, Sigurður Hlynur Snæbjörnsson, Gísli Sigurðsson í forföllum Friðriku Sigurgeirsdóttur, Guðrún Tryggvadóttir í forföllum Árna Péturs Hilmarssonar, Erlingur Teitsson í forföllum Ólínu Arnkelsdóttur auk sveitarstjóra sem ritaði fundargerð.

1. Fundarsetning:

Varaoddviti setti fund. Hann óskaði eftir að tekið yrði á dagskrá undir 8. lið; Vaðlaheiðargöng og til kynningar, fundargerð aðalfundar Sorpsamlags Pingeyinga frá 12.06.2012. Samþykkt samhljóða.

2. Kjör oddvita, varaoddvita og ritara:

Oddviti kjörin Ólína Arnkelsdóttir með fimm atkvæðum til eins árs, varaoddviti kjörinn Arnór Benónýsson með sjö atkvæðum til eins árs og ritari kjörin Margrét Bjarnadóttir með fimm atkvæðum til eins árs.

3. Kjörskrá vegna forsetakosninga 30.06.2012:

Lögð fram kjörskrá vegna forsetakosninga 30. júní n.k. Kjörskrá miðast við skráð lögheimili í sveitarfélaginu eins og það er samkvæmt íbúaskrá þjóðskrár þremur vikum fyrir kjördag. Sveitarstjórn samþykkir framlagða kjörskrá eins og hún liggur fyrir og felur sveitarstjóra að undirrita hana.

4. Fundargerð Skipulags- og umhverfisnefndar frá 14.06.2012:

Lögð fram fundargerð Skipulags- og umhverfisnefndar frá 14.06.2012. Ásvaldur gerði grein fyrir fundargerðinni. Sveitarstjórn samþykkir samkvæmt tillögu nefndarinnar 1. til 3. lið og 6. til 8. lið. Varðandi 4. lið; heimild til fullnaðarafgreiðslu erinda, vísar sveitarstjórn til endurskoðunar á samþykktum um stjórn og fundarsköp Þingeyjarsveitar samkvæmt sveitarstjórnarlögum nr. 138/2011. Varðandi 5. lið; stofnun lóðar Stekkjarhóll í Reykjadal, vísar sveitarstjórn erindinu aftur til nefndarinnar. Sigurður Hlynur tók ekki þátt í afgreiðslu 3. liðar.

5. Fundargerð Brunavarnarnefndar frá 24.04.2012:

Lögð fram fundargerð Brunavarnarnefndar frá 24.04.2012. Arnór gerði grein fyrir fundargerðinni. Sveitarstjórn staðfestir fundargerðina.

6. Umsagnarbeiðni frá Orkustofnun:

Lagt fram erindi frá Orkustofnun um beiðni um umsögn vegna umsóknar Landsvirkjunar um rannsóknarleyfi vegna áætlana um virkjanir í efri hluta Skjálfafljóts. Eftirfarandi bókun var samþykkt með fimm atkvæðum gegn tveimur: Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við umsókn Landsvirkjunar um rannsóknarleyfi en leggur áherslu á eftirfarandi stefnumótun sveitarfélagsins sem sett er fram í aðalskipulagi Þingeyjarsveitar 2010-2022, í kaflanum *Framtíðarsýn og meginmarkmið*. „Það er stefna sveitarfélagsins að nýta vatnsafl í sveitarfélaginu enda sé það til hagsbóta fyrir íbúa þess og í samræmi við sjálfbæra þróun. Þingeyjarsveit telur eftirsóknarvert að kanna frekar framtíðarmöguleika á og kosti þess að byggja fleiri virkjanir til einkanota sem og orkusölu á frjálsum raforkumarkaði, en sveitarfélagið er á móti hugmyndum um að virkja Skjálfafljót.“

7. Beiðni um leyfi frá nefndarsetu:

Lagt fram erindi frá Ástu Svavarsdóttur þar sem hún óskar eftir þriggja mánaða leyfi frá nefndarsetu vegna barnsburðar. Samþykkt að verða við erindinu. Sigurður Hlynur Snæbjörnsson tekur sæti sem varamaður í Fræðslunefnd í hennar stað.

8. Vaðlaheiðargöng:

Sveitarstjórn Þingeyjarsveitar lýsir ánægju sinni með samþykki Alþingis á frumvarpi fjármálaráðherra um fjármögnun Vaðlaheiðarganga enda mikil samgöngubót.

Til kynningar:

- a) Fundargerð aðalfundar Sorpsamlags Þingeyinga frá 12.06.2012:

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 15:57

Arnór Benónýsson

Gísli Sigurðsson

Margrét Bjarnadóttir

Sigurður Hlynur Snæbjörnsson

Erlingur Teitsson

Guðrún Tryggvadóttir

Ásvaldur Ævar Þormóðsson